VARMÁRSKÓLI

Sjálfsmatsskýrsla 2017-2018

Með umbótaáætlun

Matsnefnd Varmárskóla. Ritstjóri Þóranna Rósa Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

1.Lýsing á Varmárskóla 1

2. Mat á skólastarfi 4

2.1. Innra mat skóla 4

2.1.1. Endurskoðun skólanámskrár 5

2.1.2 Endurskoðun náms og kennslu 5

2.1.3 Endurskoðun starfsáætlunar Varmárskóla 5

2.1.4. Mötuneyti og aðstaða í skólanum 5

2.1.5. Skólapúlsinn 7

2.1.5.1. Nemendakönnun Skólapúlsins 7

2.1.5.2. Foreldrakönnun Skólapúlsins 17

2.1.6. Samræmd próf 26

2.1.7. Vinnustaðakannanir Mosfellsbæjar 27

2.1.8. Starfsþróunarsamtöl 29

3. Ytra mat 30

3.1. Ytra mat sveitafélags 30

3.2. Ytra mat mennta- og menningaráðuneytis 30

4. Matsáætlun 31

5.Umbætur og þróun 32

5.1. Endurskoðun skólanámskrá 32

5.2 Endurskoðun nám og kennslu 32

5.3 Líðan nemenda 32

5.4 Námsárangur 32

1.Lýsing á Varmárskóla

Varmárskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1.til 10.bekk. Heildarfjöldi nemenda skólaárið 2017-2018 er um 803 nemendur. Í yngri deild er 1.-6.bekkur með 463 nemendur og í eldri deild 7.-10.bekkur með 340 nemendur. Auk þess er undir stjórn Varmárskóla útibúið í Brúarlandi sem í eru nemendur frá 1. – 4 bekk. Í vetur hafa um 58 börn stundað nám þar. Skólaumhverfið er í hverfi með blandaðri byggð. Skólalóð er mjög stór og býður upp á marga og fjölbreytta möguleika fyrir leik og starf. Varmárskóli hélt upp á 50 ára afmæli skólans vorið 2012.

Í Varmárskóla er stjórnendateymi: tveir skólastjórar, Þóranna Rósa Ólafsdóttir með setu í yngri deild og G. Þórhildur Elfarsdóttir í eldri deild. Í yngri deild eru tveir deildarstjórar. Solveig Ólöf Magnúsdóttir sinnir1.-4.bekk og Sigrún Huld Auðunsdóttir 5.-6.bekk og hefur yfirumsjón með sérkennslu. Um áramót kom Dagný Kristinsdóttir til starfa sem deildarstjóri vegna forfalla. Þórdís Eik Friðfinnsdóttir heldur utan um stjórnun í Brúarlandi í 50% deildarstjórn. Í eldri deild gegna stöðum deildarstjóra þau Björk Einisdóttir og Óðinn Pétur Vigfússon, ásamt Áslaugu Þóru Harðardóttur sem gegnir deildarstjórn í sérkennslu í 50% stjórnendahlutfalli.

Við Varmárskóla starfa 74 grunnskólakennarar í heilum og hlutastöðum, 2 námsráðgjafar, 2 þroskaþjálfar, 30 stuðningsfulltrúar í heilum og hlutastöðum og með frístund, 3 á skrifstofu, einn á bókasafni, 10 í ræstingum og húsvörslu, 6 í mötuneyti og matarafgreiðslu. Auk þess eru um átta starfsmenn sem starfa eingönguí frístund, flestir í hlutastörfum.

Gildi Varmárskóla eru þau sömu og gildi Mosfellsbæjar, *virðing*, *jákvæðni*, *framsækni* og *umhyggja*. Í þjóðfélagi sem er í stöðugri framþróun er mikilvægt að endurskoða stefnu og sýn reglulega.

Allir kennarar í Varmárskóla vinna að endurskoðun skólanámskrár og hafa áhrif á framkvæmd hennar. Fundað hefur verið reglulega yfir skólaárið. Varmárskóli vinnur eftir Uppeldi til ábyrgðar. Í vetur var unnið með skólabraginn og fengin ráðgjöf frá Vöndu Sigurgeirsdóttur hjá KVAN. Út frá hennar ráðleggingum var sett upp V3 á unglingastigi og á miðstigi settum við af stað kerfið VandaSig. Jafnframt fórum við í að skoða betur umhverfið okkar og í yngri deildinni settum við upp reglu vikunnar og styrktum enn frekar áherslu á að farið væri m.a. eftir fyrimælum og sýnd góð hegðun.

Lögð er áhersla á að stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilningi þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum. Einnig á högum fólks og skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn, eins og lög um grunnskóla mælast fyrir um (Lög um grunnskóla frá 2008 nr. 91, 2. gr. frá 12. júní).

Mikil áhersla hefur verið í Varmárskóla á að efla lestur hjá nemendum skólans. Lestrarkunnáttu hefur hrakað á landinu og þar erum við í Varmárskóla ekki undanskilin. Lestrarstefnan er í stanslausri endurskoðun og má nálgast nýjustu útgáfuna hér: Lestrarstefna Varmárskóla.

Undanfarin ár hefur Varmárskóli unnið eftir Byrjendalæsi á yngsta stig skólans. Meginmarkmið þess er að nemendur nái góðum tökum á lestri sem allra fyrst á skólagöngunni.

Meginstoðir Byrjendalæsis eru:

- Heildstætt nám í læsi þar sem unnið er með lestur, ritun, tal og hlustun.
- Merkingarbær viðfangsefni þar sem unnið er með vandaðan texta.
- Læsi er oft á tíðum unnið í para – eða hópavinnu. Unnið er markvist með samskipti nemenda.
- Skýr markmiðssetning, leiðsagnarmat og nám án aðgreiningar.
- Hugsmiðjavinna

Lestrarátak hefur verið tvisvar á skólaárinu. Nemendur tóku þátt í lestrarátaki Ævars og annað skipulagt innan skólans. Þar fyrir utan er nemendum gefinn kostur á yndislestri í skólanum. Í 7.-10. bekk var lestrarstund bætt við alla íslenskutíma. Hver tími hófst á 10 mínútna lestri ýmist í bókum að eigin vali eða bókum sem voru hluti af námsefni íslenskunnar. Í þessum árgöngum var einnig tekið upp það fyrirkomulag að nemendur skrifuðu vikulega í lestrardagbók um þær bókmenntir sem unnið var með hverju sinni, ýmist var skrifað um efnið eða spurningum svarað. Markmiðið var að efla lestur, lesskilning og áhuga á lestri og bókmenntum.

Í 7. bekk var tekið upp fyrirkomulag sem fólst í því að nemendur völdu bækur af bókalista hjá kennara. Fimm til sex nemendur -lásu sömu bók. Þeir skrifuðu vikulega um efnið sem í lestrardagbók. Í lokin var skrifuð bókrýni um söguna ásamt því sem nemendur hittust í leshringjum þvert á bekki. Þeir sem lásu sömu bók hittust og unnu verkefni úr bókinni. Nemendur lásu 5-6 skáldsögur með þessum hætti yfir veturinn.

Í 8. bekk lásu nemendur 2-3 frjálsar kjörbækur yfir veturinn. Þeir skrifuðu vikulega um lesturinn í lestrardagbók og skiluðu bókrýni.

Í 9. bekk var tekið upp leshringjafyrirkomulag. Nemendur lásu 5-6 skáldsögur yfir veturinn með þessu fyrirkomulagi. Þeir völdu bækur af lista og 5-6 nemendur fengu sömu bókina í hvert skipti. Þeir sem lásu sömu bókina hittust vikulega í leshring, þvert á bekki, þar sem rætt var um bókina og unnu verkefni. Nemendur svöruðu spurningum vikulega í lestrardagbók samhliða lestri.

Í 10. bekk lásu nemendur 2 frjálsar kjörbækur yfir veturinn auk hefbundinnar bókmenntakennslu. Nemendur skrifuðu um lesturinn í lestrardagbók og skiluðu bókrýni.

Varmárskóli er vakandi yfir þeim þörfum sem koma fram í nemendahópnum á hverjum tíma og endurskoðar stefnu sína reglulega. Í Varmárskóla er lagt upp með að skapa námsumhverfi sem er hvetjandi og þroskandi. Leitast er við að koma til móts við einstaklinginn á hans forsendum og efla með honum áhuga á námi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Áhersla er á útinám, heilbrigt líferni og sjálfbæra þróun. Við skólann er útikennslusvæði sem er í stöðugri þróun en helst hefur vantað uppá að fá áhugasaman kennara til að halda sérstaklega um það verkefni.

Við skólann er námsver í eldri deild og Varmárstofa í yngri deild. Varmárstofa sérhæfir sig í að þjónusta nemendur sem þurfa á ákveðinni þjónustu að halda. Þar er leitast við að bjóða upp á úrræði sem henta hverjum og einum í samráði við umsjónarkennara, sérkennara, þroskaþjálfa og stuðningsfulltrúa.

Samráðs- og teymisfundir sem varða einstaka nemendur eru haldnir eftir þörfum. Haldnir voru teymisfundir í kringum 60 nemendur skólans á árinu.

Við Varmárskóla er nemendaverndarráð sem fundar vikulega. Í ráðinu sitja skólastjórar, deildarstjórar, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafar. Fulltrúi frá barnavernd kemur á fundi a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

Samstarfið við leikskóla í Mosfellsbæ hefur verið á þann veg að umsjónarkennarar í 1.bekk taka á móti elstu börnunum úr leikskólunum. Hver umsjónarkennari í 1.bekk er tengiliður við 1-2 leikskóla og skipuleggur heimsóknir í Varmárskóla í samráði við deildastjóra leikskólanna. Þar fyrir utan hafa leikskólanemendur farið í gönguferðir og kynnt sé leiksvæði og umhverfi Varmárskóla. Skólinn býður tilvonandi nemendum í tvær heimsóknir að vori, annars vegar með leikskólastarfsmönnum þar sem börnin fá að skoða skólann sinn og taka þátt í kennslustund, en í seinni heimsóknina mæta þau með foreldrum sínum.

Varmárskóli er heimaskóli nemenda Krikaskóla eftir að þau ljúka 4. bekk. Nemendum fjölgar því töluvert í 5. bekk og þá er árgangnum skipt upp í nýja bekki. Gott samstarf Varmárskóla og Krikaskóla er grundvöllur þess að vel takist til.
Markmiðin með því að skipta upp bekkjunum eru að:

- bjóða nýja nemendur velkomna á jafningjagrundvelli
- gefa nemendum kost á að kynnast betur innan árgangsins
- koma í veg fyrir að ákveðnir nemendur festist í hlutverkum innan bekkjarins
- læra að vinna saman með breiðum hópi úr árganginum

Við skólann starfar foreldrafélag sem sér um viðburði á skólaárinu sem þykja orðið ómissandi. Stjórnin kemur að fræðslufundum, jólabingó, öskudagsskemmtun og virkja bekkjarfulltrúa í starfið.

Samkvæmt lögum er skólaráð starfrækt við skólann og er fundað reglulega yfir veturinn. Fulltrúar foreldra eiga þar aðila og fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Í skólaráðinu sitja skólastjórar, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi starfsmanna, tveir fulltrúa foreldra, tveir fulltrúa nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins. Starfsáætlun og fundargerðir eru birtar á heimasíðu skólans.

Nemendaráð er starfandi við skólann. Hlutverk nemendaráðs er að skipuleggja félagslíf nemenda skólans, virkja skólafélaga til að mæta á viðburði, hlusta eftir hugmyndum skólafélaga sinna og miðla þeim áfram, vera sýnileg í skólanum, sitja sem fulltrúar í skólaráði, sitja fundi og fleira.

Á skólalóðinni er félagsmiðstöðin Bólið er fyrir unglinga og nemendur á miðstigi. Frístundasel er fyrir nemendur 1.- 4. bekk. og er það á vegum skólans. Árin 2016-2018 voru nemendur Brúarlands í selinu og komu fyrst í stað í Varmárkskóla en síðan var

útibú frá frístundaselinu í Brúarlandi. Nemendur sem sækja frístundaselið hafa verið á bilinu 140-160.

Í skólabyggingu yngri deildar er einnig starfrækt Skólahljómsveit Mosfellsbæjar sem hefur sinnt hljóðfærakennslu á skólatíma. Í Varmárskóla er einnig skólakór en hann á 40 ára starfsafmæli 2019.

2. Mat á skólastarfi

Um mat og eftirlit sveitarfélaga gildir ákvæði laga um laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í 35. grein grunnskólalaga segir um mat og eftirlit:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í skólum er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skv. 37. gr. grunnskólalaga eiga sveitarfélög að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Þá ber sveitarfélögum að fylgja eftir innra og ytra mati svo það geti leitt til umbóta í skólastarfi.

2.1. Innra mat skóla

Í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um innra mat segir:

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í innra mati skal gera grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Þessar aðferðir geta verið margbreytilegar. Aðferðir við innra mat skal taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni

Matsnefnd í samstarfi við skólastjóra og deildarstjóra skipuleggur innra mat skólans og semur sjálfsmatsáætlun. Helstu verkþættir áætlunarinnar eru:

- Nýting upplýsinga úr könnunum til leiðbeiningar við endurskoðun skólanámskrár
- Endurskoðun útgefins efnis s.s. skólanámskrár, nám og kennsla, starfsáætlun skóla og heimasíðu.
- Þátttaka í könnunum sem nýttar eru á skólaárinu eftir því sem við á. Þetta á við kannanir er varða nemendur, foreldra og starfsmenn.
- Nemendaþing
- Úrvinnsla á upplýsingum úr könnunum, athugunum.
- Starfsþróunarsamtöl sem stjórnendur halda með öllum starfsmönnum a.m.k. einu sinni á ári.

2.1.1. Endurskoðun skólanámskrár

Endurskoðun skólanámskráar fer fram árlega. Kennarar skila inn kennsluáætlun og vinna hana í samræmi við skólanámskrá út frá hæfni og viðmiðum. Kennarar í 7. - 10.bekk hafa unnið ötullega að þróa námsmat út frá aðalnámskrá. Í vetur unnu list- og íþróttakennara í 1. – 6.bekk að því að þróa námsmat í sínum greinum. Næsta haust er stefnt á að þeir ásamt kennurum í íslensku og stærðfræði stígi um borð og hefjist handa.

2.1.2 Endurskoðun náms og kennslu

Á skólaárinu 2017-2018 fékkst styrkur frá Endurmenntunarsjóði sveitarfélaga til að innleiða „Leikur að læra“ í fyrsta og öðrum bekk. Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Leikskólinn í Leirvogstungu hefur nýtt þessa aðferð með góðum árangri. Áhugi foreldra í þeim hópi að börnin ættu þess kost að halda áfram að læra í gegnum leik varð til þess að Varmárskóli fór í þetta verkefni. Kennarar sóttu námskeið og innleiddu aðferðina inn í skólastarfið. Haldnir voru bekkjarfundir með foreldrum þar sem þeim var kynnt aðferðin og boðið að taka þátt. Foreldrar mættu vel og voru ánægðir.

2.1.3 Endurskoðun starfsáætlunar Varmárskóla

Starfsáætlun er í endurskoðunarferli. Að henni koma fulltrúar stjórnenda, kennara, starfsmanna og foreldra eftir því sem við á. Ný persónuverndarlög voru kynnt til sögunnar og áhættumat var gert fyrir skólann. Út frá því er persónuverndarstefna skólans unnin. Gert er ráð fyrir að samræmdar áætlanir verði gerðar fyrir skóla sveitarfélagsins en með áherslum hvers skóla fyrir sig. Þessi nýju lög koma inn á endurskoðun áætlunar.

2.1.4. Mötuneyti og aðstaða í skólanum

Nemendur í 3. – 10. bekk borða í mötuneyti eldri deildar. Nemendur í fyrsta og öðrum bekk borða í sal yngri deildar.

Matartímum er skipt upp þannig:

Matsalur yngri deild	Kl. 11:25 – 1.bekkur	Kl. 11:45 – 2.bekkur
Matsalur eldri deild	Kl. 11:25 -2 árgangar	Kl. 11:45 – 2 árgangar
Matsalur eldri deild	Kl. 12:00- 7 bekkur	Kl. 12:10 – 8.-10.b

Mosfellsbær hefur samþykkt samræmda stefnu um skólamötuneyti leik- og grunnskóla í

samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.
Í Mosfellsbæ er lögð áhersla á að í skólamötuneytum bæjarins njóti skólabörn fjölbreyttrar fæðu í hæfilegu magni, að matvælin séu rík af næringarefnum, fersk og að þau séu í háum gæðaflokki. Lögð er áhersla á að farið sé eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar hvað varðar fæðuval, næringargildi og skammtastærðir. Samþykktum mötuneyti grunnskóla Mosfellsbæjar má lesa hér:
http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykktir/nanar/2013/09/03/motuneytigrunnskolamosfellsbaejar/

Hollt mataræði



Rauða línan sýnir vigtað landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans á kvarðanum. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum.

Mikill meirihluti nemenda Varmárskóla eru skráðir í mat eða um 86,9% allra nemenda. Í unglingadeild fara nemendur að detta út en engu að síður má sjá stóran hluta nemenda sem eru skráðir í mötuneyti sem er ánægjulegt.

Fjöldi nemenda skráðir í mat



2.1.5. Skólapúlsinn

Varmárskóla hefur notað sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn frá 2008 til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um.

Skólapúlsinn er hluti af þróunarstarfi Varmárskóla. Með Skólapúlsinum fær skólinn réttmæt og samanburðahæf gögn til að vinna með í þróunarstarfi bæði við kortlagningu, mat og endurmat. Verkefnið felst fyrst og fremst í samræmingu á mati á innri þáttum skólastarfsins, svo sem líðan nemenda, virkni þeirra og aðstæður í skólanum í gegnum sjálfvirkt könnunarkerfi.

Val á spurningakvörðum tekur mið af íslenskum aðstæðum, þar meðal annars er byggt á upplýsingum sem fengist hafa með PISA rannsóknum á Íslandi. Niðurstöður samræmdrar foreldra- og starfsmannakönnunar eru einnig hluti af sjálfsmatskerfi Skólapúlsins þar með býður sjálfsmatskerfið uppá kerfisbundið sjálfsmat á árangri og gæðum skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra.

2.1.5.1. Nemendakönnun Skólapúlsins

Markmið Skólapúlsins er að efla rannsóknir og þekkingu á þáttum í fari nemenda og einkennum skólastarfsins. Yfir tíma safnast mikið magn dýrmætra upplýsinga sem rannsakendur á sviði menntamála geta nýtt. Slíkar niðurstöður draga fram sérkenni skólans og geta upplýst á hvaða sviðum skólinn þarf að beita sér til að bæta skólastarfið og auka bæði árangur og vellíðan nemenda sinna.

Nemendakönnunin byggist á þremur flokkum: **virkni nemenda**, **líðan og heilsu** og **skóla- og bekkjaranda**. Hægt er að sjá alla þættina á heimasíðu Skólapúlsins www.skolapulsinn.is/um

Skólaárið 2017-2018 tóku 117 skólar með 18.542 nemendum í 6.-10. bekk þátt í nemendakönnun Skólapúlsins, sem er um 87% nemenda. Könnunin er gerð mánaðarlega meðal nemenda í 6.-10. bekk. Rúmlega fjörutíu nemendur lenda í hverjum mánuði í tilviljunarúrtaki úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í upphafi skólaárs. Hver nemandi svarar könnuninni í skólanum á netinu einu sinni á ári. . Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Spurningalistar Skólapúlsins eru lagðir til grundvallar niðurstöðum sem fram koma á mælikvarðablaði sem sjá má á www.skolapulsinn.is . Niðurstöður eru fyrst og fremst nýttar í innra starf og ekki ætlast er til að þær séu birtar opinberlega nema verið sé að vinna með ákveðna þætti. Skólaárið 2017-2018 var prófað í fyrsta sinn að taka þátt í könnun fyrir 1.-5.bekk. þar sem um tilraun var að ræða og ekki náðist að fá meirihluta nemenda til þátttöku þá eru þær niðurstöður ekki teknar með í þessari skýrslu.

Virkni nemenda í skólanum

Hér er um að ræða nokkra þætti sem flokkast í þennan hóp en það er ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræi, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Gert verður grein fyrir nokkrum þáttum hér í þessari matsskýrslu.

Ánægja af lestri



Rauða línan sýnir vigtað landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans á kvarðanum. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum.

Nemendur í 6. og 8.bekk hafa minnstan áhuga á lestri og eru marktækt fyrir neðan meðaltal. Skoða þarf hvernig hægt er að efla áhuga nemenda sem er samvinna við foreldra hér lykilatriði til að snúa við blaðinu.

Þrautsegja í námi



Nemendur í 8. og 10.bekk virðast hafa minni þrautseigju í námi miðað við landsmeðaltal. Eftirfarandi spurningar mynda þennan matsþátt:

- Þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er*
- Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt*
- Þegar ég læri, reyni ég að gera mitt besta til að ná tökum á þeirri þekkingu og hæfni sem vrið er að kenna
- Þegar ég læri legg ég mig alla(n) fram

Spurningar með * fyrir aftan gefa til kynna að nemendur eru marktækt fyrir neðan landsmeðaltal. Mikilvægt er að efla þennan þátt og þar eru foreldrar lykilaðilar.

Stærðfræði



Nemendur Varmárskóla hafa yfirleitt haft jákvætt viðhorf til stærðfræði og sýna niðurstöður Skólapúlsins það. Skólinn tekur þátt í nokkrum stærðfræðikeppnum á ári. Marktækur munur á miklum áhuga nemenda er í sjöunda og níunda bekk.

Ánægja af náttúrufræði

Varmárskóli hefur þá sérstöðu að vera með glæsilegt umhverfi til úti- og náttúrufræðikennslu. Undanfarin ár náðum við ekki þeim árangri sem við óskuðum, en í ár höfum við hækkað okkur upp og erum komin á par við landsmeðaltal. Nemendur í 7. og 8.bekk eru marktækt fyrir neðan landsmeðaltal á meðan nemendur í 9.bekk eru marktækt fyrir ofan landsmeðaltal.



Trú á eigin vinnubrögðum

Nemendur Varmárskóla virðast hafa minni trú á eigin vinnubrögðum í námi en áður. Það er því áhugavert að spyrja sig að því hvort þrautseigja í námi komi ekki hér inn? Hér þurfa heimili og skóli að vinna saman í að efla þessa þætti.

Nemendur eru markækt fyrir neðan landsmeðaltal frá nóv-mars en í maí skutust þau upp með meira sjálfstraust. Eini árgangurinn sem ekki var fyrir neðan landsmeðaltal var 9.bekkurinn.

Trú á eigin námsgetu

Nemendur í sjöunda og tíunda bekk höfðu minnsta trú á eigin námsgetu.



Í nóvember var skólinn marktækt fyrir neðan landsmeðaltal og var á pari við landið í apríl.

Líðan og heilsa

Sjálfsálit

Varmárskóli hefur lengi vel haft nemendur með gott sjálfsálit en nú finnum við að því er að hraka. Stúlkur eru marktækt fyrir neðan landið en strákarnir eru á pari. Nemendur í 7. og 8.bekk eru marktækt fyrir neðan landsmeðaltal en 9.bekk eru marktækt fyrir ofan landsmeðaltal.



Stjórn á eigin lífi

Nemendur hafa almennt talið sig hafa stjórn á eigin lífi. Hinsvegar telja nemendur í 7. og 8.bekk sig ekki hafa svo mikla stjórn og eru marktækt fyrir neðan landsmeðaltal.



Vellíðan



Í þessari spurningu er verið að spyrja almennt um hvernig nemendum líður. Nemendur í 6.-8.bekk voru marktækt fyrir neðan landsmeðaltal. Þau voru marktæk daprari, niðurdregin og reið miðað við landsmeðaltal. Hinsvegar var 9.bekkurinn marktækt fyrir ofan landsmeðaltal sem sýnir okkur hversu sterkur sá árgangur virðist vera miðað við hina sem á eftir koma.

Einelti

Samskiptavandi nemenda virðist vera að aukast í skólanum. Fleiri nemendur segjast hafa verið beittir ofbeldi, baktali og neteinelti. Marktækt meira einelti virðist vera í 7., 8. og 10.bekk.



Hádegistímar, leið til og frá skóla, á netinu og heima virðist vera þeir staðir sem nemendur segja að þeir verði fyrir mesta áreitinu. Mikilvægt er að skerpa á samskipta- og eineltisferlum.

Skóla- og bekkjarandi

Nemendur hafa alla jafnan samsamað sig mikið með nemendahópnum. Hinsvegar má segja að fjölgun í skólanum hefur verið mikil því haustið 2017 jókst nemendafjöldi um 11%.



Hugsanlega má skýra þessa niðursveiflu á því að fjölgun hefur orðið mikil í bekkjum og hreyfa hefur þurft meira við hópum en oft áður. Martækt koma nemendur 7.bekkja verr út í samsömun og getur það skýrst út frá því að þau fóru í nýja bekki og færðust yfir í eldri deild. Þessi nemendahópur gengur í gegnum meiri breytingar en skólafélagar þeirra gera almennt á landinu.

Samband nemenda við kennara

Samband nemenda og kennara er á pari við landsmeðaltal. Nemendur í 7. og 10.bekk áttu minna samband við kennara sína á meðan nemendur 9.bekkja voru marktækt fyrir ofan.



Agi í tímum

Fyrir tveimur árum töldu nemendur að agi í tímum væri marktækt fyrir neðan landsmeðaltal. Á síðastliðnum árum hefur það hinsvegar breyst miðað við þann nemendahóp sem svarar þessum spurningum. Helst fannst nemendum að það væri ekki nægjanlega gott að nemendur byrjuðu ekki að vinna fyrr en langt væri liðið á kennslustundina.



Virk þátttaka nemenda í tímum

Þátttaka nemenda í tímum er markvisst fyrir neðan landsmeðaltal miðað við svör nemenda. Hún er marktækt fyrir neðan hjá 7., 8., og 10.bekk.



Mikilvægi heimavinnu í námi

Undanfarin ár hefur heimavinna verið í hávegum höfð í Varmárskóla. Nú er hinsvegar komin breyting á og nemendur eru með viðhorf til heimavinnu til jafns á við landsmeðaltal.



2.1.5.2. Foreldrakönnun Skólapúlsins

Foreldrakönnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Flokkarnir eru: **Nám og kennsla**, **velferð nemenda**, **aðstaða og þjónusta**, **foreldrasamstarf** og **heimastuðningur**. Hægt er að sjá alla þættina á heimasíðu Skólapúlsins www.skolapulsinn.is/um.

Í Varmárskóla er foreldrakönnun lögð fyrir annað hvert ár. Könnunin er gerð meðal foreldra barna á öllum aldursstigum skólans, þ.e. frá 1.-10. bekk. Líkindaúrtak hundrað og átján foreldra var gert úr lista sem skólinn sendi inn í kerfið í janúar 2018. Könnunin er lögð fyrir í febrúar.

Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð.

Helstu niðurstöður foreldrakönnunarinnar eru þær að ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er nokkuð á pari við landsmeðaltal:



Stjórnun skólans

Foreldrar 75,8% barna telja að skólanum sé mjög vel eða frekar vel stjórnað en 24% telja að honum sé frekar illa eða mjög illa stjórnað. Minnsta ánægjan er á meðal foreldra í 8.-10.bekk.

Ekki var spurt frekar um hvað það væri sem fólk væri ánægt/óánægt með. Það er því áhugavert að senda út könnun á næsta skólaári til að fá frekari útlistun um hvað fólk er ekki sátt við.

Hæfilegt þyngd námsefnis og agi

Foreldrar telja almennt að námsefni sé við hæfi fyrir nemendur.



Foreldrar telja að agi sé ásættanlegur en þó má sjá að þeir telja að hann hafi farið niður á við á síðustu fjórum árum á sama hátt og landsmeðaltal.



Velferð nemenda og þarfir

Almennt séð eru foreldrar ánægðir með samskipti starfsfólk við börnin sín. Um 92,9% foreldrar eru mjög ánægðir eða nokkuð ánægðir með samskiptin.

Tæplega 80% foreldra telja að skólinn mæti þörfum nemenda ágætlega. Helsti munurinn er á unglingastigi en þar er marktækur neikvæður munur.

Verið er að skipuleggja námsver sem eiga að þjóna 5. – 10.bekk og verður byrjað á þeim haustið 2018. Áhugavert verður að sjá hvernig þau munu reynast og hvort stærri hópur foreldra telji að betur sé komið til móts við börnin þeirra.

Líðan nemenda að mati foreldra

Um 88,2% foreldra telja að líðan barna þeirra sé góð. Það er hækkun frá árinu 2016 þegar líðan var marktækt fyrir neðan landsmeðaltal.



Í janúar 2018 var hafist handa við að skilgreina enn frekar óæskilega hegðun og aðferðarfræði frá Vöndu Sigurgeirsdóttur innleidd í skólann.

Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra.

Um rúm 12% telja að einelti sé til staðar í skólanum. Það er lækkun frá árinu 2016 sem þá var 13,5%. Almennt virðist helsti vandinn vera á miðstigi eða 5.-7.bekk.

Þar er marktækur munur á áhættuhegðun sem leiðir til eineltis eða erfiðra samskipta. Vanda Sigurgeirsdóttir kom einmitt sérstaklega í fimmta bekkja árgang til að taka á erfiðri hegðun. Ákveðið var að innleiða þá aðferð í fimmta og sjötta bekk en frá sjöunda og upp í tíunda bekk var farið í kerfi sem hentar þar betur eða „Við viljum vinna“. Áhugavert verður að sjá hvort ekki næst að taka betur á þessari óæskilegu hegðun á næstu mánuðum.

Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála hefur hrapað frá árinu 2016. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða og fara yfir. Unnið var að endurskoðun eineltisáætlunar Varmárskóla og hefur Erindi komið að henni. Eineltisteymið vinnur að því að ganga frá

endurskoðaðri áætlun. Einnig finnst foreldrum að úrvinnsla eineltismála megi vera hraðari.



Aðstaða og þjónusta

Almennt séð hafa foreldrar Varmárskóla verið marktækt óánægðir með aðstöðu nemenda í skólanum. Óánægjan virðist mest á yngsta stiginu. Foreldrar hafa m.a. bent á að meira rými þurfi fyrir frístund og kallað eftir afmarkaðri, girtri skólalóð fyrir yngstu nemendurna. Það hefur ekki náðst að bæta þann þátt en frístund stendur til boða að nýta skólahúsnæðið eftir kennslu, þar sem hægt er að koma því við. Einnig kemur fram í svörun að foreldrar eru óánægðastir með aðgengi nemenda að tölvum í skólanum, þ.e. 32,9% foreldra sem eru frekar óánægðir eða mjög óánægðir með þann þátt.

Þessi mynd sýnir árgangamun í skólanum samanborið við landið.

Um mötuneyti

Um 73,2% foreldra eru ánægðir með máltíðir í mötuneyti og er það hækkun frá árinu 2016 þegar töluverðrar óánægju gætti.



Skráning í mötuneyti í Varmárskóla hefur alltaf verið yfir landsmeðaltali. Eins og sjá má í niðurstöðum foreldrarkönnunar þá eru um 90,2% nemenda að meðaltali skráðir í mötuneytið.



Foreldrasamstarf

Almennt séð mættu kennarar hafa meira frumkvæði að foreldrasamstarfi. Foreldrar kalla eftir því að þeir fái meiri upplýsingar um nám barna sinna. Þetta á helst við frá miðstigi og upp í unglingadeild.



Foreldrar vilja gjarnan hafa meira að segja um nám barna sinna og fá að vera í meira samstarfi við skólann. Foreldrar myndu gjarnan vilja að meira tillit væri tekið til tillagna þeirra og ábendinga.

Heimasíða, stefna skóla og námskrá

Foreldrar eru almennt ekki ánægðir með heimasíðu skólans. Þar er marktækast lægst hjá foreldrum 1. – 4.bekk.



Hinsvegar hefur ánægja foreldra aukist varðandi upplýsingar um stefnu skólans og námskrá og er það hækkun frá fyrri árum.



Heimastuðningur

Samkvæmt foreldrum eru þeir sem eru á yngsta stigi virkastir í námi barna sinna en marktækt lægst á miðstigi. Það vekur upp spurningar hvort taka þurfi sérstaklega höndum saman með foreldrum og nemendum þess hóps og stilla betur saman strengi. Mesta vanlíðunin og agavandamálin eru einmitt í þessum aldurshópi.

Trú foreldra til að aðstoða barn sitt í námi er á pari við landsmeðaltal. Foreldrar telja einnig að heimavinna sé hæfileg.



Tími sem foreldrar aðstoða barn sitt við heimanám er marktækt meiri hjá nemendum í fyrsta til fjórða bekk en marktækt fyrir neðan á miðstigi (5.-7.b) og minni á unglingastigi miðað við landsmeðaltal.

2.1.6. Samræmd próf

Nemendur í 4. og 7. bekk taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði í september á hverju ári . Nemendur í 9.bekk taka samræmd próf íslensku, stærðfræði og ensku í mars á hverju ári. Eins og fram kemur á vef Menntamálastofnunar þá er tilgangur samræmdra prófa að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara og fræðsluyfirvalda. Með þessari endurgjöf er til dæmis hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, hvort breyta þurfi áherslum í námi, hvað þurfi að bæta og almennt hver séu gæði menntunar. Menntamálastofnun hefur sett upp glæsilegan gagnagrunn þar sem hægt er að skoða niðurstöður eftir ýmsum breytum eins og árgangi, skólum, fögum og svo framvegis. Gagnagrunninn má finna á skyrslur.mms.is.

Notkun á niðurstöðum

Í 3. grein reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa (nr. 173/2017)segir: „Niðurstöður prófa skulu nýttar við skipulag náms og kennslu nemenda að því marki sem kennarar eða skólastjórnendur telja gagnlegt og taka tillit til réttmætra óska nemenda og foreldra þeirra um slíkt. Menntamálastofnun skal nýta niðurstöður prófa til að stuðla að umbótum og þróun í skólastarfi.“

Menntamálastofnun leggur áherslu á að gögnin séu notuð á umbótamiðaðan hátt

Menntamálastofnun hvetur til varfærni við túlkun á niðurstöðunum, þar sem ólík stefna skólanna og aðstæður geta haft áhrif á heildarniðurstöður hvers skóla. Þannig gerir stærð skóla, þátttökuhlutfall, félagslegur bakgrunnur nemenda, námsforsendur, sértækir námserfiðleikar o.fl. beinan samanburð milli skóla erfiðan og jafnvel óæskilegan og gefur mögulega ekki rétta mynd af árangursríku starfi skólans.

Niðurstöður Varmárskóla í samræmdum prófum 2017-2018



Vegið landsmeðalta er 30. Sjá má að fjórði bekkur á í töluverðum erfiðleikum að ná viðmiðum landsmeðaltals en hann er talsvert fyrir neðan í stærðfræði og undir viðmiðum í íslensku.

2.1.7. Vinnustaðakannanir Mosfellsbæjar

Vinnustaðakönnun Mosfellsbæjar fór fram 5.-16. apríl 2017 og var unnin af Maskínu. Allir starfsmenn bæjarins tóku þátt í könnuninni og var svarhlutfall heildarinnar um 77%. Varmárskóli var með um 80% þátttöku og fékk þátttökuverðlaun.

Helstu niðurstöður eru að þrír fjórðu starfsmanna eru fremur eða mjög ánægðir í starfi hjá Mosfellsbæ.

Starfsmenn Varmárskóla telja flestir að starfsandinn í skólanum sé góður. Það er í takt við svörun sem stjórnendur hafa fengið í starfsþróunarsamtölum.



Spurt var um hvort starfsmaður teldi að hann ráði vel eða illa við það álag sem er á viðkomandi í starfi. Í ljós kom að 73,4% telja þau ráða mjög vel eða fremur vel við álagið. Hafa ber í huga að starf í skóla er álagsmiðað eftir verkefnum hverju sinni. Ljóst er að starfsfólk okkar er að vinna sig vel í gegnum það.

Gengur þér vel eða illa að forgangsraða verkefnum í starfi þínu?



Hér má sjá stigin fara upp en þess ber þó að geta að orðalagi spurningar var breytt á milli könnunar. Nú var spurt: „Gengur þér vel eða illa að forgangsraða verkefnum í starfi þínu“? Þar var hægt að velja á milli fimm stiga kvarða frá „Mjög vel“ yfir í „Mjög illa“. Áður var spurt:“ Vinnuálagið í starfi mínu er hæfilegt“ og jafnframt var um fimm kvarða að velja um.

Í könnuninni kemur fram að starfsmenn óska eftir meiri umræðu um frammistöðu þeirra í starfi og er það eitthvað sem stjórnendur þurfa að athuga hvernig best sé að framkvæma.

Þegar kemur að starfsþróun þá segjast 71,5% starfsmanna leitast við að þróast mjög mikið eða fremur mikið í starfi. Við skólann starfar fjöldi af menntuðum og ómenntuðum starfsmönnum. Ljóst er að mikil krafa er á kennara að halda sér við, en ekki síður á almenna starfsfólkið að auka þekkingu sína og færni. Þarna verður að skoða betur símenntunaráætlun skólans og setja niður hvernig hægt er að styrkja starfsmannahópinn enn frekar.

	Fjöldi	%
Mjög miklu leyti (5)	32	32,7%
Fremur miklu leyti (4)	38	38,8%
Í meðallagi (3)	21	21,4%
Fremur litlu leyti (2)	4	4,1%
Mjög litlu leyti (1)	3	3,1%
Samtals	98	100,0%

Í stórum skóla eins og Varmárskóli er verkefnum skipt milli stjórnenda. Við skólann eru starfandi tveir skólastjórar, fjórir deildarstjórar í 100% starfshlutfalli, 2 deildarstjórar í 50% starfshlutfalli og einn forstöðumaður frístundasels. Spurt er hvort starfsfólk sé á heildina litið ánægt eða óánægt með næsta stjórnanda sem stjórnanda og er þá verið að horfa til deildarstjóra. Í svörum kemur fram að 74,27% eru mjög ánægðir eða fremur ánægðir með stjórnandann. 16,5 % segjast vera í meðallagi og 9,3% eru fremur óánægðir.

Spurt var næst um skólastjórana tvo og þar kom fram að 78,4% voru mjög ánægðir eða fremur ánægðir. Um 18,6% voru í meðallagi og 2,9% voru fremur óánægðir.

2.1.8. Starfsþróunarsamtöl

Skólastjórnendur taka starfsþróunarsamtöl með öllum starfsmönnum a.m.k. einu sinni á ári. Skólaárið 2017-2018 voru eyðublöð sem notað voru fyrir starfsþróunarsamtöl vorannar endurskoðuð og uppfærð. Í starfsmannþróunarasamtölunum var spurt um

- starf, verkefni og stjórnun
- frammistöðu, samskipti og vinnuumhverfi
- Starfsþróun og framtíðaráform

Niðurstöður samtalanna voru nýtt til frekari skipulagningar á nýju skólaári. Almennt leið starfsmönnum vel og voru sáttir við vinnustaðinn sinn. Þeir lögðu flestir áherslu á að vera lausnamiðaðir í daglegum verkum.

3. Ytra mat

3.1. Ytra mat sveitafélags

Ytra mat er á ábyrgð Mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu.

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37.gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra matiþannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

3.2. Ytra mat mennta- og menningaráðuneytis

Í 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um ytra mat menntamálaráðuneytis segir:

„Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. Menntamálaráðuneyti skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknum.
Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.“

Haustið 2010 var gerð útttekt á sjálfsmatsaðferðum af hálfu menntamálaráðuneytisins og má sjá niðurstöður hér. (http://www.varmarskoli.is/library/Skrar-Varmarskola/Mat_a_skolastarfi/uttektk_varmarsk_mosfellb_2010[1].pdf).

4. Matsáætlun

Sjálfsmat í Varmárskóla

2014 - 2018

Mánuðir	2014 - 2015	Úrvinnsla	2015 - 2016	Úrvinnsla	2016 - 2017	Úrvinnsla
Ágúst	Skólanámskrá	Stjórnendur/ fagkennarar	Skólanámskrá	Stjórnendur/ fagkennarar	Skólanámskrá	Stjórnendur/ fagkennarar
	Kynning á sjálfsmatsáætluninni	Stjórnendur	Kynning á sjálfsmatsáætluninni	Stjórnendur	Kynning á sjálfsmatsáætluninni	Stjórnendur
					Lestrarpróf-lestrarstefna	Sérkennara/umsjónarkennarar/íslenskukennarar
September	Skimun 9.b. Hugur og heilsa	Sálfræðingur	Skimun 9.b. Hugur og heilsa	Sálfræðingur	Skimun 9.b. Hugur og heilsa	Sálfræðingur
	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur
	Kynning f. forráðamenn 1.bekkinga	Stjórnendur	Kynning f. forráðamenn 1.bekkinga	Stjórnendur	Kynning f. forráðamenn nemenda	Stjórnendur
	Samræmd próf í 4., 7. og 10. b	Námsmatsstofnun	Samræmd próf í 4., 7. og 10. b	Námsmatsstofnun	Samræmd próf í 4. og 7. b	Námsmatsstofnun
Október	Leið til læsis	Sérkennarar/ umsjónarkennarar	Leið til læsis	Sérkennarar/ umsjónarkennarar	Leið til læsis	Sérkennarar/ umsjónarkennarar
	Skólapúsinn 6.-10.bekk	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10.bekk	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10.bekk	Skólapúsinn/Stjórnendur
	Hreyfiþroskapróf hjá 1. bekk	Íþróttakennarar	Hreyfiþroskapróf hjá 1. bekk	Íþróttakennarar	Hreyfiþroskapróf hjá 1. bekk	Íþróttakennarar
	Lesfimipróf	Sérkennara/umsjónarkennarar/íslenskukenn	Lesfimipróf	Sérkennara/umsjónarkennarar/íslenskukennarar		
Nóvember			Starfsmannakönnun/ stjórnendakönnun	Skólaskrifstofa		Skólapúsinn/Stjórnendur
	Hegðunarátak 7. og 8. bekk	Deildarstjóri/ umsjónarkennarar	Hegðunarátak 7. og 8. bekk	Deildarstjóri/ umsjónarkennarar	Hegðunarátak 7. og 8. bekk	Deildarstjóri/ umsjónarkennarar
	Foreldraviðtöl	Umsjónarkennarar	Foreldraviðtöl	Umsjónarkennarar	Foreldraviðtöl	Umsjónarkennarar
	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur
	Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa/umbótaáætlun	Stjórnendur/kennarar	Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa/umbótaáætlun	Stjórnendur/kennarar	Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa/umbótaáætlun	Stjórnendur/kennara
	3.bekkur LOGOS - skimun	Sérkennsla			Lestrarpróf - lestrarstefna	Sérkennara/umsjónark./íslenskukennarar
	1. og 2.bekkur Byrjendalæsi - könnun 1. hluti	Bekkjarkennari	1. og 2.bekkur Byrjendalæsi - könnun 1. hluti	Bekkjarkennari	1. og 2.bekkur Byrjendalæsi - könnun 1. hluti	Bekkjarkennari
Desember	Skólapúsinn 6.-10.bekk	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10.bekk	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10.bekk	Skólapúsinn/Stjórnendur
	Kynning á niðurst og umbótaáætlun	Stjórnendur/kennarar	Kynning á niðurst og umbótaáætlun	Stjórnendur/kennarar	Kynning á niðurst og umbótaáætlun	Stjórnendur/kennarar
Janúar	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur
	Lesfimipróf 1.-4.bekkur	Sérkennara/umsjónarkennarar/íslenskukenn	Lesfimipróf	Sérkennara/umsjónarkennarar/íslenskukenn	Lestrarpróf-lestrarstefna	Sérkennara/umsjónark./íslenskukennarar
	Námsmat	Kennarar	Námsmat	Kennarar	Námsmat	Kennarar
	Lesskilnings-skimun hjá 5.bekk	Sérkennsla	Lesskilnings-skimun hjá 5.bekk	Sérkennsla	Lesskilnings-skimun hjá 5.bekk	Sérkennsla
	Hegðunarátak 8. bekk	Deildarstjóri/ umsjónarkennarar	Hegðunarátak 8. bekk	Deildarstjóri/ umsjónarkennarar	Hegðunarátak 8. bekk	Deildarstjóri/ umsjónarkennarar
	Samantekt nemendakannanir Skólapúsins sep-des	Stjórnendur	Samantekt nemendakannanir Skólapúsins sep-des	Stjórnendur	Samantekt nemendakannanir Skólapúsins sep-des	Stjórnendur
Febrúar	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur
	Foreldrakönnun/ foreldraviðtöl	Stjórnendur	Foreldrakönnun/ foreldraviðtöl	Stjórnendur	Foreldrakönnun/ foreldraviðtöl	Stjórnendur
					Niðurstöður Pisa	Stjórnendur/fagkennarar
	Líðan nem. 8.,9.10.b.	Lýðheilsustöð/hun	Líðan nem. 8.,9.10.b.	Lýðheilsustöð/hun	Líðan nem. 8.,9.10.b.	Lýðheilsustöð/hun
	1.og 2. bekkur Byrjendalæsi könnun 2. hluti	Bekkjarkennari	1.og 2. bekkur Byrjendalæsi könnun 2. hluti	Bekkjarkennari	1.og 2. bekkur Byrjendalæsi könnun 2. hluti	Bekkjarkennari
Mars			Starfsmannakönnun/ vöðhrfskönnun Skólapúsinn			
	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur
					Samræmd próf í 9. og 10.b	
	Lesfimipróf	Sérkennara/umsjónark./íslenskukennarar	Lesfimipróf	Sérkennara/umsjónark./íslenskukennarar	Lestrarpróf-lestrarstefna	Sérkennara/umsjónark./íslenskukennarar
Apríl	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur
	1.og 2. bekkur Byrjendalæsi könnun 3. hluti	Bekkjarkennari	1.og 2. bekkur Byrjendalæsi könnun 3. hluti	Bekkjarkennari	1.og 2. bekkur Byrjendalæsi könnun 3. hluti	Bekkjarkennari
			Viðhorfskönnun Mosfellsbæjar	Mannauðsstjóri/Stjórnendur/starfsmenn	Viðhorfskönnun Mosfellsbæjar	Mannauðsstjóri/Stjórnendur/starfsmenn
Maí	Námsmat	Kennarar	Námsmat	Kennarar	Námsmat	Kennarar
	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur	Skólapúsinn 6.-10. b.	Skólapúsinn/Stjórnendur
	Röðun í bekki verðandi 7. bekkur	Stjórnendur/ umsjónarkennarar	Röðun í bekki verðandi 7. bekkur	Stjórnendur/ umsjónarkennarar	Röðun í bekki verðandi 7. bekkur	Stjórnendur/ umsjónarkennarar
	Röðun í bekki verðandi 5. bekkur	Stjórnendur/ umsjónarkennarar/Krikaskóli	Röðun í bekki verðandi 5. bekkur	Stjórnendur/ umsjónarkennarar/Krikaskóli	Röðun í bekki verðandi 5. bekkur	Stjórnendur/ umsjónarkennarar/Krikaskóli
					Lestrarpróf-lestrarstefna	Sérkennara/umsjónark./íslenskukennarar
Júní	Skólanámskrá	Fagk./Stjórn./Tölvur	Skólanámskrá	Fagk./Stjórn./Tölvur	Skólanámskrá	Fagk./Stjórn./Tölvur
			Skýrslugerð	Skólastjóri	Starfsmannakönnun Skólapúsinn	Skólastjóri
	Skýrslugerð	Stjórnendur/sérkennarar		Stjórnendur/sérkennarar	Skýrslugerð	Stjórnendur/sérkennarar

Matshópur Varmárskóla setur niður ákveðin viðmið sem skoðuð eru á hverju ári og liggja til grundvallar sjálfsmati. Jafnframt setur hann niður áherslur skólaársins og hvað skoða skal sérstaklega.

5.Umbætur og þróun

5.1. Endurskoðun skólanámskrá

Skoða þarf skólanámskrá út frá nýjum persónuverndarlögum. Árgangar eru ábyrgir fyrir enduskoðun síns stigs.
Stjórnendur halda utan um ritstýringu og innleiðingu persónuverndarlaga.
Lokið maí 2019.

5.2 Endurskoðun nám og kennslu

Skoða þarf innleiðingu tölvutækni í skólastarfið. Mikilvægt er að setja saman þróunarhóp sem setur niður áætlun.
Stjórnendur sjá um að setja saman hóp og boða.
Lokið febrúar 2019

5.3 Líðan nemenda

Koma Vöndu Sig verkefninu enn frekar inn í skólastarfið. Upplýsingafundir með starfsfólki.
Skoða hvort hægt sé að fá íþróttahúsið í samstarf. Stjórnendur lokið október 2018

Athuga hvort hægt sé að koma Erindi með verkefni inn í skólann fyrir bættan skólabrag.
Stjórnendur og foreldrafélag. Lokið desember 2018.

Endurskoða eineltisáætlun. Yfirfara athugasemdir frá Erindi. Lokið mars 2019.

5.4 Námsárangur

Innleiða lestrarstefnuna enn frekar inn í skólastarfið. Taka inn MMS prófin. Setja á fót fagstjóra í íslensku og stærðfræði frá 5. – 10.bekk. Lokið september 2018.

Setja á fót námsver sem munu þjónusta nemendur í 5. – 10.bekk.
Stjórnendur. Lokið maí 2019.

Setja upp lestrarnámskeið í samstarfi við foreldra hjá 3. – 6.bekk sem hafa ekki náð viðunandi námsárangir. Sérkennarar halda utan um þetta. Lokið desember 2018.